

169 skurður sýslunefndar er fenginn um málið. Með því nú loksins að 52. grein sveitarstjórnartilskipunarinnar inniheldur sundurliðaðar ákvarðanir um mál þau, er lögð eru undir amtsráðin með skírskotun til ýmsra undanfarandi greina í tilskipuninni og hvorki 14. nje 38. grein er talin með þeim, virðist mjær ljóst, að amtsráðið hafi ekki vald til að grípa fram fyrir hendurnar á sýslunefndinni í málum um uppfóstur og uppeldi barna.

Þar sem þjer, herra amtmaður, hafið vakið athygli á því, að sýslunefnugin í meðferð sinni á málinu hafi brotið móti 28. gr. tilskipunarinnar, þá kynni þetta, ef til vill, að geta valdið því, að amtsráðið, samkvæmt 1. tölul. 52. gr. tilskipunarinnar fyndi ástæðu til að vísa málinu til nýrrar meðferðar í sýslunefndinni, en hins vegar veitir það amtsráðinu enga heimild til að breyta úrskurði sýslunefndarinnar að efninu til.

Samkvæmt því, sem hjer að framan er tjáð, skal sá úrskurður amtsráðsins í suðurumdæminu, er breytti úrskurði sýslunefndar Kjósar- og Gullbringusýslu frá 15. nóvbr. f. á. í málinu um meðgjöf með piltinum Ögmundi Gíslasyni, úr gildi felldur.

170 — Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um bólusetningu. — Af þóknanlegr; 3. ágúst. skýrslu stiptsyfirvaldanna 28. júní þ. á. sjest, að hin síðari ár hefir ekkert gjört verið til að framfylgja fyrirmælum konungsbrjefa 18. júlí 1821 og 23. marz 1830 um ráðstafanir til framkvæmda bólusetningu; en í þeim er ákveðið, að hver prestur skuli vera bólusetjari í kalli sínu, með 1 eða 2 aðstoðar-bólusetjurum, ef á þarf að halda, og í annan stað, að prestaefnum skuli ókeyppis kennt að bólusetja, og að þess skuli gætt, er þeir eru í embætti skipaðir, að þeir sanni, að þeir þekki nákvæmlega til alls, er að bólusetning lýtur. Með því að það nú virðist nauðsynlegt, að tjeðum fyrirmælum sje nákvæmlega fram fylgt, vil jeg skora á stiptsyfirvöldin að sjá um, að það verði eptirleidis gjört, og virðist mega sameina þá ókeyppis kennslu, er landlækni er gjört að skyldu að veita prestum og prestaefnum, við kennsluna á læknaskólanum. Þeir, er eptirleidis sækja um að verða skipaðir í prestlega stöðu, verða að færa sönnur á, að þeir hafi aflað sjer nauðsynlegrar þekkingar í þessu efni; og ber að brýna fyrir prestum þeim, er þegar eru í embætti skipaðir, eu hafa ekki þessa kunnáttu til að bera, að þeim beri enn að nota aðgang þann, sem þeim með kgsbr. 18. júlí 1821 er veittur, til að afla sjer hennar.

EMBÆTTASKIPUN.

5. dag ágústmánaðar var Bergur amtmaður Thorberg kvaddur til í fjarveru Hilmars landshöfðingja Finsens á ferð til Danmerkur og á ábyrgð hans að þjóna landshöfðingjaembættinu yfir Íslandi ásamt amtmannsembættinu í suður- og vesturumdæminu, þó svo, að þeim málum, er hann sem amtmaður eða annar liður stiptsyfirvaldanna leggur úrskurð á, skal samkvæmt ákvörðun 21. greinar í auglýsingu 22. febrúar 1875 skjóta undir forstjóra hins konunglega íslenska yfirdóms, þá er þau liggja undir fullnaðarúrslit landshöfðingja.

12. s. m. var presturinn að Presthólum sira Eiríkur Gíslason skipaður prestur að Lundi (Lundar- og Fitjasóknum) í Borgarfjarðarsýslu.

Stjórnartíðindi. Nokkur hept exemplör af stjórnartíðindum 1881 (A og B saman) fást keypt á ritstofu landshöfðingja, þar að auki eru þar til sölu nokkur exemplör af B-deild stjórnartíðinda 1874—1880 og af báðum deildum 1878, 1879 (vantar bls. 13—20) og 1880.

Þau ár, er báðar deildirnar eru til fyrir, kosta 1 kr. 90 a., en sje að eins B-deildin til, kostar árið 95 a.